

90. ársþing UMSK - Þinggerð

90. ársþing UMSK var haldið fimmtudaginn 27. febrúar kl. 18.00 í Laugardalshöll.

1. Þingsetning

Valdimar Leó Friðriksson, formaður UMSK setti þingið. Hann bauð þingfulltrúa og gesti velkomna til þingsins. Valdimar sagði meðal annars að innan UMSK væru 43. félög, þar af 6 fjölgreinafélög með 44 deildir þannig að samtals eru 87 einingar. Félagsmenn eru 61.221 og þar af 24.510 iðkenndur í 27 íþróttagreinum. UMSK er með 43% af UMFÍ hvort sem um ræðir fjölda félagsmanna eða fjölda iðkennda.

UMSK hefur verið í stefnumótunarvinnu í samvinnu við KPMG og mun KPMG kynna vinnuferlið og niðurstöður sínar og grasrótarnar hér á eftir. Síðan verði þessi mál rædd og framíðarsýn UMSK mótuð.

Á þessu þingi gefa þrjú stjórnarmenn ekki kost á sér til áframhaldandi setu það eru: Alda Helgadóttir, Albert N. H. Valdimarsson og Ester Jónsdóttir. Þessu fólki kunnum við miklar þakkir fyrir farsælt starf í þágu UMSK og aðildarféлага þess.

2. Kosning þingforseta

Formaður lagði fram tillögu að þingforseta Ingibjörgu Bergrós Jóhannesdóttir. Tillaga um þingforseta var samþykkt.

3. Kosning þingritara

Þingforseti bar fram tillögu um þingritara Helgu Jóhannesdóttur. Tillaga um þingritar var samþykkt.

4. Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar

Þingforseti bar fram tillögu að þriggja manna kjörbréfanefnd: Birgir Bjarnason HK Auður :orsteinsdóttir Gerplu og Margrét Bjarnadóttir Glóð. Tillaga um kjörbréfanefnd var samþykkt.

5. Skýrsla stjórnar lögð fram

Þingforseti gaf Valdimar Leó formaður UMSK orðið og flutti hann skýrslu stjórnar. Valdimar fór yfir það helsta í stafi UMSK síðast starfsárið.

6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram

Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri UMSK fór yfir endurskoðaða reikninga sambandsins. Samkvæmt ársreikningi voru rekstrartekjur 71.348.745, rekstrargjöld voru krónur 69.385.831, vaxtagjöld 343.984 og hagnaður ársins 2013 var kr. 2.306.898,- Eignir og skuldir eru 23.408.636,-

7. Ávörp gesta

Helga Guðjónsdóttir formaður Ungmennafélags Íslands (UMFÍ)

Helga skilaði kveðju frá stjórn og starfsmönnum UMFÍ og þakkaði góða skýrslu sem ber vott um gott starf sem unnið er í sambandinu. Helga nefndi að mikilvægt væri að sjálfbóðaliðar skrá sjálfbóðaliðavinnu sína á heimasíðu ÍSÍ og þakkaði öllu því góða fólki sem hefur gefið tíma sinn í stjórnarstarf innan íþróttá- og æskulýðsmál.

UMFÍ er að skoða landsmótið, og fara starfsmenn og stjórnarmenn um landið með stefnumótunarfundum um landsmótið. Í sumar verður unglingslandsmótið á Sauðarkróki og Landsmót 50+ verður á Húsavík. Helga fór yfir rekstur Getspár og Getrauna og hversu mikli

máli tekur þessara aðila skipta hreyfinguna. Einnig nefndi Helga að mikilvægt væri að skoða vel kosti og galla þess að fá íþróttabandalögin inn í UMFÍ.

Að lokum afhenti Helga fyrir hönd stjórnar UMFÍ, gullmerki UMFÍ eftirfarandi þremur aðilum: **Albert N. H. Valdimarsson**- hefur starfað með UMSK í mörg ár, sem gjaldkeri UMSK íár og hefur hann komið að undirbúningi fjölda landsmóta fyrir hönd UMSK. Albert er alltaf boðin og búin til að starfa með UMSK.

Ester Jónsdóttir– Ester hefur starfað í 24 ár í UMSK. Hún spilaði handknattleik á árum áður með Breiðablik í Kópavogi.

Svanur-M. Gestsson- Svanur ólst upp í Val, en starfaði með Aftureldingu frá því að hann flutti til Mosfellsbæjar. Svanur hefur tekið þátt í fjölmörgum landsmótum UMFÍ og unnið mikið og gott starf fyrir íþróttahreyfinguna.

Að lokum bað Helga þingmenn að hugsa vel um þá aðila sem eru í íþróttum en eru hvorki afreksmenn né í íþróttum til að ná árangri.

Lárus Blöndal forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí)

Lárus sagði að það þekktu allir sjálfboðaliðastarfið sem er nauðsynlegt til að styrkja við barna- og unglíngastarfið í íþróttum. Í dag eru gerðar mikla kröfur til íþróttahreyfingarinnar, og miklar kröfur væru gerðar til þjálfara. Lárus sagði frá reynslu sinni sem formaður Stjórnunnar í Garðabæ og hversu erfitt væri oft að ná eyrum sveitarstjórnarmanna. Þörfin fyrir íþróttamannvirkin er mikill og svo virðist sem skilningur sveitarstjórnarmanna hvað þetta varðar væri að aukast.

Jón M. Ívarsson, söguritari

Fyrsti hluti sögu UMSK er komin á prent og unnið er að seinni hlutanum. Fyrra tímabilið eru árin 1942-1965. Rúmur tími var áætlaður í verkið en því miður hefur það ekki staðist vegna slys sem Jón varð fyrir, en hann væri núna byrjaður aftur að verkinu.

Jón fór í tölu sinni stuttlega yfir fyrstu 20 ár UMSK og las upp úr bók sinni.

8. Álit kjörbréfanefndar

Birgir formaður kjörbréfanefndar fór yfir kjörbréfin en 16 bréfum hefur verið skilað sem telja 99 atkvæði. 77 aðilar eru mættir og gerir kjörbréfanefnd ekki athugasemdir við það.

9. Staðfesting á aðild nýrra félaga

7 félög hafa sótt um aðila að UMSK frá síðast þingi. Um er að ræða eftirfarandi félög:

- Knattspyrnufélagið Örninn Kópavogi – samþykkt
- Knattspyrnufélagið Krían Seltjarnarnesi – samþykkt
- Knattspyrnufélagið Lumman Kópavogi – *ekki samþykkt/fellt*
- Hnefaleikafélag Kópavogs – samþykkt
- Lyftingafélag Garðabæjar – *ekki samþykkt/fellt*
- Lyftingafélag Kópavogs – *ekki samþykkt/fellt*
- Dansfélag Garðabæjar-samþykkt

10. Umræða um skýrslu stjórnar UMSK

Þingforseti bar skýrslu stjórnar undir atkvæði. Skýrslan var samþykkt samhljóða. Engin óskaði eftir umræðu um skýrslu stjórnar UMSK.

11. Umræða og atkvæðagreiðsla um reikninga UMSK

Þingforseti bar reikninga UMSK upp til samþykktar. Reikningarnir voru samþykktir samhljóða. Engin óskar eftir umræðu um reikninga stjórnar UMSK.

Matarhlé

Þingforseti Ingibjörg Bergrós fór því miður heim í matarhléinu vegna veikinda og var Guðmundur Sigurbergsson kosin þingforseti seinni hluta þingfundar.

Afhending verðlaun og viðurkenningar:

Afreksmaður UMSK 2013 Auðunn Jonsson var valinn

UMFÍ bikarinn fékk blaklið HK karla fékk.

Fimleikabikarinn fékk Dominik Alma frá Gróttu

Skíðabikarinn fékk Erla Ásgeirsdóttir Breiðablik

Dansbikarinn fékk dansparið Höskuldur Þór Jónsson og Margrét Hörn Jóhannsdóttir frá DÍK

Frjálsþípróttabikarinn fékk Kári Steinn Karlsson Breiðablik

Sundbikarinn fékk Aníta Ósk Hrafnisdóttir Breiðablik

Félagsmálaskjöldinn fékk Guðmundur Hagalínsson Spretti

Stafsmerki UMSK

Guðjón Magnússon, Hestamannafélagið Hörður

Silfurmerki UMSK

Jón Finnbogason Gerplu

Hafsteinn Örn Guðmundsson Hvönn

Gullmerki UMSK

Ester Jónsdóttir Breiðablik

12. Skipun í nefndir til starfa á þinginu, þar á meðal kjörnefnd

Kjörnefnd:

Sigurjón Sigurðsson HK, Guðjón Helgason Aftureldingu og Harpa Þorláksdóttir Gerplu.

13. Drög af stefnumótun UMSK

Sævar Kristinsson frá KPMG fór yfir stöðu stefnumótunar UMSK. Staðreyndin er sú að þrátt fyrir að UMSK sé stærsta sambandið innan UMFÍ þá er sambandið ekki nægjanleg þekkt meðal iðkennda þó svo að sambandið sameini margar ólíkar íþróttagreinar. UMSK ákvað að fara í stefnumótun til að skoða hvað verið að gera gott, hvað þarf að bæta og hvernig. Nefna má að í þessari vinnu hefur fram komið að nýir aðilar hafa áhuga á að taka þátt innan sambandsins og má þarf nefna félög eldri borgara.

Fór Sævar yfir þá helstu þætti sem nefndir hafa verið á fundum með framkvæmdastjórum félaganna, íþróttafulltrúum bæjarfélaganna og stjórn UMSK. Ræddi hann einnig hugmyndir þær sem fram hafa komið í Kópavogi um að félögin segi sig úr UMSK og stofni sitt eigið samband, bandalag.

Ekki kemur fram í lögum UMSK hvert hlutverk UMSK er en hlutverk UMSK er nefnt og skilgreint í lögum Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands (ÍSí)

14. Fjárhagsáætlun næsta árs lögð fram

Valdimar Gunnarsson framkvæmdastjóri UMSK lagði fram fjárhagsáætlun UMSK árið 2014 fram. Gert er ráð fyrir að reksturinn verði svipaður í ár og síðast ár. Tekjur UMSK eru áætluð kr. 65.500.000,-, gjöld kr. 64.060.000,- og rekstrarafgangur er áætlaður um 1.440.000,- Tillaga um fjárhagsáætlun borin upp og samþykkt samhljóða án umræðu.

15. Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram

Tillaga 1

Breyting á reglugerð um Lottó á þá leið 14% renni til sambandsins í stað 15%, 7,0% renni til Afrekssjóðs UMSK í stað 5,0% og 79% renni til aðildarfélaga í stað 80%. Breyting þessi taki gildi 1.1.2015

- Breytingartillaga þessi var samþykkt samhljóða.

Tillaga 2

Breyting á Lottóreglugerð tekur gildi fyrsta dag næsta árs eftir að breytingin er samþykkt.

- Breytingartillaga þessi var samþykkt samhljóða.

16. Aðrar tillögur lagðar fram

Ekki voru aðrar tillögur lagðar fram.

17. Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndin ákveður að taka fyrir

Engar nefndir störfuðu á þinginu.

18. Kosningar, kjörnefnd skilar álit

Kosning formanns

Í kjöri til formanns er Valdimar Leó Friðriksson *Aftureldingu* og var hann kosin einróma.

Í kjöri til stjórnar UMSK

Í kjöri til stjórnar UMSK eru Margrét Björnsdóttir-*Ýmir*, Lárus-B. Lárusson-*Gróttu*, Guðmundur Sigurbergsson-*Breiðablik* og Magnús Gíslason-*HK*. Voru þau kosin einróma.

Í kjöri til varastjórnar UMSK

Í kjöri til varastjórnar UMSK eru: Helga Jóhannesdóttir-*Aftureldingu*, Sólveig Jónsdóttir-*Gerplu* og Þorsteinn Þorbergsson-*Stjörnunni*. Voru þau kosin einróma.

19. Önnur mál

Ekkert tekið fyrir undir önnur mál

20. Þingslit

Valdimar Leó formaður UMSK þakkaði Albert, Öldu og Ester fyrir vel unnin störf í þágu UMSK og sleit síðan þinginu.